

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997,
með síðari breytingum (námsmenn).

Flm.: Bjarkey Gunnarsdóttir, Brynhildur Pétursdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Líneik Anna Sævarsdóttir, Valgerður Gunnarsdóttir.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætast þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Námsmenn í reglulegu námi á framhalds- og háskólastigi sem vegna náms síns leigja íbúðarhúsnæði í sama sveitarfélagi og þeir eiga lögheimili í geta, þrátt fyrir 1. mgr., átt rétt á húsaleigubótum. Skilyrði húsaleigubóta er að viðkomandi námsmaður geti ekki sótt skóla daglega frá lögheimili sínu vegna landfræðilegra aðstæðna, veðurs, vegalengdar, ástands vega, skorts á almenningssamgöngum eða sambærilegra aðstæðna. Umsókn um húsaleigubætur skal send því sveitarfélagi þar sem leigjandi á lögheimili óháð aðsetri og skal sveitarfélagið meta umsókn hverju sinni út frá aðstæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lagafrumvarp sama efnis og það sem hér liggur fyrir var lagt fram á 143. löggjafarþingi (147. mál) og gekk til velferðarnefndar sem sendi út umsagnarbeiðnir vegna þess síðla árs 2013. Fimm umsagnir bárust, þar á meðal frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem taldi frumvarpið ekki tímabært þar sem breytingar á borð við þær sem þar voru lagðar til ættu að eiga sér stað samfara almennum aðgerðum í húsnæðismálum. Aðrar umsagnir um breytinguna sem lögð var til voru jákvæðar. Í ljósi þess að við blasir að núverandi skipulag felur í sér ójafnræði er málið lagt fyrir þingið að nýju lítillaga breytt á þann veg að viðmiðun um fastávarðaða vegalengd milli skólastaðar og heimilis er felld brott en aðrar kringumstæður, sem gera nemanda skólasókn erfiða, látnar ráða.

Samkvæmt lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, á nemi sem þarf að leigja íbúðarhúsnæði vegna náms síns því aðeins rétt á húsaleigubótum að hið leigða húsnæði sé í öðru sveitarfélagi en lögheimili nemans. Meðan sveitarfélög voru mörg og eftir því litil að flatarmáli, flest hver, kom þetta ekki að sök en á þeim landsvæðum þar sem sveitarfélög hafa sameinast og orðið víðáttumikil blasir við að námsmenn í slíkum sveitarfélögum geta staðið frammi fyrir því að hljóta engar húsaleigubætur þó að svo langt sé frá lögheimili þeirra á skólastað að þeir eru nauðbeygðir til að flytja þaðan og búa nær skóla á meðan á námi þeirra stendur. Þetta á við ef skólinn er í sama sveitarfélagi og lögheimili nemans og gildir einu þótt vegalengdin þar á milli sé langtum meiri en svo að raunhæft sé að ekið sé á milli þessara staða á degi hverjum, jafnvel um torfarinn veg, og ekki síst að vetrarlagi. Er þess og að minnast í þessu samhengi að yngstu nemarnir í framhaldsskólunum hafa ekki ökuréttindi aldurs

síns vegna og ekki hafa allir skólanemar eða aðstandendur þeirra ráð á bifreiðum eða fjárhagslegt bolmagn til daglegra langferða til og frá skóla.

Núverandi skipulag húsaleigubóta veldur því að umsókn framhaldsskólanema, sem búa langt frá skóla, jafnvel í margra tuga kílómetra fjarlægð, um húsaleigubætur er hafnað sökum þess að skóli og lögheimili eru innan sama sveitarfélags en umsókn nema úr nágrennasveitarfélagi við skóla, sem býr tiltölulega skammt frá skólastað, er samþykkt. Lagabreytingunni, sem hér er lögð til, er stefnt gegn þessu ólánlega og óréttláta fyrirkomulagi. Tölur um fjölda þeirra nema sem gætu öðlast rétt til húsaleigubóta eftir þá lagabreytingu sem þetta frumvarp boðar liggja ekki fyrir en ljóst er að þar sem um er að ræða nema í víðlendustu og strjálbýl-ustu sveitarfélögunum er um óverulegan fjölda að ræða. Breytingin er hins vegar augljóslega mikilvæg fyrir jafnrétti til náms og búsetu í hinum dreifðu byggðum landsins.